




## Stafrænn ökuriti SE5000

STONERIDGE – SETTING THE STANDARD



Notendahandbók 





## Viðurkennd notendahandbók



Notendahandbók þessi er ítarleg útgáfa viðurkenndu notendahandbókarinnar 9000-101587/01R06, og er ætlað að koma til móts við óskir viðskiptavina okkar.

Nálgast má viðurkenndu útgáfuna á vefslóðinni:

[www.stoneridgeelectronics.info](http://www.stoneridgeelectronics.info)

## Pakka þér fyrir að velja Stoneridge SE5000 ökuritann.

Við mælum með því að ökumenn kynni sér notkun stafræna ökuritans áður en lagt er af stað í fyrstu ferð.

Vinsamlegast kynnið ykkur efni þessarar handbókar áður en ekið er af stað, því þannig nýtist ökuritinn betur og minni hættu er á að slys eigi sér stað.

Stoneridge Electronics áskilur sér rétt til að gera breytingar á hönnun, búnaði og tæknilegum eiginleikum án sérstaks fyrirvara. Af þessum sökum er ekki unnt að byggja neins konar kröfur á þeim upplýsingum, skýringarmyndum og lýsingum sem er að finna í þessari handbók.

Hægt er að nálgast frekari upplýsingar hjá fulltrúa Stoneridge á þínu svæði.

Geymið þessa notendahandbók ávallt í bifreiðinni. Ef bifreiðin er seld skal afhenda nýjum eiganda handbókina, þar sem ökuritinn telst vera hluti bifreiðarinnar.

Við hjá Stoneridge Electronics óskum þér góðrar ferðar.

## Tákn



Viðvörðun



Mikilvægar upplýsingar



Ábending



Aðgerð



Röð aðgerða (margar ►)



bls. Tilvísun í síðu

Skjár

Tilkynningar á skjá

## Hugtök í þessari handbók

### Ökumaður 1

Sá sem situr undir stýri eða mun aka bifreiðinni.

### Ökumaður 2

Sá sem situr ekki undir stýri.

### Vinnudagur

Tiltekinn fjöldi athafna sem ökumenn 1 og 2 framkvæma.

### Athöfn

Það sem ökumaðurinn er að gera hverju sinni.

## **Hafið samband við Stoneridge**

Ekki hika við að beina spurningum eða ábendingum varðandi ökuritann eða notkunarleiddbeiningarnar til einhverra af eftirtöldum söluskrifstofum okkar.

### **Frakkland**

Stoneridge Electronics France  
Zone Industrielle De St Etienne  
Chemin De Cazenave  
F-64100 Bayonne  
France

Sími +33 (0)5 59 50 80 46

Fax +33 (0)5 59 50 80 41

Netfang:

france.amsales@elc.stoneridge.com

### **Þýskaland**

Stoneridge GmbH  
Paradiesweg 11  
D-73733 Esslingen  
Germany

Sími +49 (0)711-99 33 82-0

Fax +49 (0)711-99 33 82-12

Netfang: sales@elc.stoneridge.com

## **Spánn**

Stoneridge Electronics España  
Avda. Severo Ochoa 38  
Pol. Ind. Casa Blanca  
28108 Alcobendas  
Madrid  
Spain

Sími +34 (0)91 662 32 22

Fax +34 (0)91 662 32 26

Netfang: spain.amsales@elc.stoneridge.com

### **Bretland**

Stoneridge Electronics Ltd  
Charles Bowman ++Avenue  
Claverhouse Industrial Park  
Dundee, Scotland DD4 9UB

Sími +44 (0)871 700 7070

Fax +44 (0)870 704 0002

Netfang: sales@elc.stoneridge.com

## **Upplýsingar á internetinu**

Nánari upplýsingar um  
Stoneridge SE5000 ökuritann  
og Stoneridge Electronics Ltd  
er að finna á vefslóðinni:  
[www.stoneridgeelectronics.info](http://www.stoneridgeelectronics.info)

## **Höfundarréttur**

Óheimilt er að endurprenta, þýða  
eða dreifa efni þessarar handbókar  
með neinum hætti, að hluta eða í heild,  
án skriflegs samþykkis  
Stoneridge Electronics Ltd.

❶ Sjá einnig atriðisorðaskrá (▷ bls. 105)

## Inngangur

<b>Öryggi við notkun</b> .....	7
Viðgerðir og breytingar .....	7
Öryggisskoðun .....	7
Tæknilegar upplýsingar .....	8

## Yfirlit

<b>Notkun ökuritans</b> .....	10
Venjulegur vinnudagur .....	10
Ef gera þarf skráningar handvirkt .....	11
Tímabundinn akstur án ökumanskorts .....	11
<b>Yfirlit yfir búnaðinn</b> .....	12
Ökumanskort .....	13
Ökuriti (ÖR) .....	13
Skjár í mælaborði .....	13
Dulkóðaður hraðaskynjari .....	13
<b>Ökuriti (ÖR)</b> .....	14
Venjuleg skjámynd ökurita .....	16
Aðalvalmynd ökurita .....	17
<b>Athafnir á vinnudegi</b> .....	18
Skilgreiningar á vinnudegi .....	18
Athafnir sem valdar eru sjálfkrafa .....	18
Athafnir valdar handvirkt .....	18
Athafnir ekki skráðar .....	19

<b>Umhirða búnaðar</b> .....	20
Umhirða ökumanskorts .....	20
Umhirða ökurita .....	20

## Lýsing á notkun

<b>Venjulegur vinnudagur</b> .....	22
Auðveld notkun ökuritans .....	22
Orkusparnaðarhamur .....	22
Ökumanskort sett í .....	23
Fyrstu skjámyndir og skráningar ...	24
Þrjár notandastillingar fyrir vinnudag .....	25
Notandastilling 1: Nýr vinnudagur án fyrri athafna ...	28
Breyting á athöfn meðan á vinnudegi stendur .....	28
Ökumanskort tekið úr .....	29
<b>Ef gera þarf skráningar handvirkt</b> ...	30
Yfirlit yfir handskráningar .....	30
Notandastilling 2: Núverandi vinnudegi haldið áfram .....	32
Notandastilling 3: Nýr vinnudagur með fyrri athöfnum .....	33
Skráning athafna og tíma .....	40
Land fært inn .....	44
Handvirkum skráningum breytt ...	45

Farið úr ham handskráninga . . . . .	47	Umhirða öikumanskorts . . . . .	78
<b>Ferð með ferju eða lest</b> . . . . .	48	Umhirða ökurita . . . . .	78
Skráning áður en ferð hefst . . . . .	48	<b>Skipt um pappísrúllu</b> . . . . .	79
<b>Akstur þar sem skráningar er ekki þörf</b> . . . . .	49	Pappírshólfíð fjarlægð . . . . .	79
Ekið utan svæðis . . . . .	49	Pappísrúlla sett í . . . . .	80
<b>Útrentun</b> . . . . .	51	<b>Úrræðaleit og sjálfspröfun</b> . . . . .	81
Prentað út . . . . .	51	Sjálfspröfun . . . . .	81
Tegundir útrentunar . . . . .	53	<b>Viðauki</b>	
Yfirlit yfir útrentanir . . . . .	55	<b>Útfærsla fyrir hættulegan farm / ADR</b> . . . . .	86
<b>Stillingar</b> . . . . .	57	Sérstakir eiginleikar	
UTC-tími . . . . .	57	ADR-ökuritans . . . . .	86
Staðartími . . . . .	58	<b>Gögn geymd á öikumanskorti og í ökurita</b> . . . . .	88
Birtingarmáti . . . . .	58	Gögn á öikumanskorti . . . . .	88
		Gögn sem vistuð eru í ökurita . . . . .	89
<b>Skjámyndir og upplýsingar</b>		<b>Viðkomandi yfirvöld</b> . . . . .	90
<b>Skjámyndir</b> . . . . .	62	<b>Lönd í boði</b> . . . . .	97
Skjámyndir þegar bifreiðin er á ferð . . . . .	62	<b>Innflutningsaðilar</b> . . . . .	99
Tákn . . . . .	63	<b>Atriðisorðaskrá</b>	
<b>Tilkynningar, viðvaranir og bilanir</b> . . . . .	66	<b>Atriðisorðaskrá</b> . . . . .	105
Tilkynningar . . . . .	66		
Viðvaranir . . . . .	66		
Bilanir . . . . .	67		
<b>Hagnýt ráð</b>			
<b>Viðhald og umhirða</b> . . . . .	78		
Varahlutir fyrir prentarann . . . . .	78		



## Öryggi við notkun

## Slysaþætta



Ekki má vinna með ökuritann þegar bifreiðin er á ferð. Að öðrum kosti beinist athygli ökumannsins frá akstrinum og umferðarastæðum og hann getur valdið slysum.

Hafið hugfast að þegar hraði bifreiðarinnar er aðeins 50 km/klst. fer hún um 14 m vegalengd á sekúndu.

## Viðgerðir og breytingar



Ökuritinn hefur verið settur upp og innsiglaður af starfsmönnum sem hafa til þess heimild. Aldrei má opna kassa ökuritans. Með öllu er óheimilt að eiga við eða gera breytingar á búnaðinum eða hraðaskynjaranum.

Sá sem gerir breytingar á þessum búnaði getur með því gerst sekur um refsivert athæfi, allt eftir því hvað kveðið er á um í lögum viðkomandi lands.



- Ef sýnilegar skemmdir eru á ökuritanum utanverðum skal láta skoða hann á sérhæfðu verkstæði.
- Háspenna getur valdið óbætanlegu tjóni á ökuritanum og bilunum í raufeindahlutum hans. Verði ökuritinn fyrir tjóni með þessum hætti fellur ábyrgðin úr gildi.



Takið rafmagnnið af ökuritanum ef:

- vinna á við rafsuðu á bifreiðinni
- gera má ráð fyrir að gefa þurfi bifreiðinni straum nokkrum sinnum til að ræsa vélina

## Öryggisskoðun



Láta verður skoða ökuritann á sérhæfðu verkstæði ekki sjaldnar en á tveggja ára fresti.

Á ísetningarmerkinu, sem er áfast við hlið ökuritans, kemur fram hvenær ökuritinn stóðst öryggisskoðun. Þegar öryggisskoðun fer fram verða öll innsigli og ísetningarmerkið að vera í fullkomnu lagi.

### Tæknilegar upplýsingar

---

#### Notkunarhitastig

–25 °C til +70 °C

Útfærsla fyrir flutning á hættulegum farmi samkvæmt ADR: –25 °C til +65 °C

#### Vottun og viðurkenning

Ökuritinn er leyfður til notkunar í ríkjum Evrópusambandsins og vottaður fyrir ITSEC-stig „E3 high“ í samræmi við ESB-reglur.

Gerðarviðurkenningarnúmer: e5-0002

### Rafsegulviðssamhæfi

Ökuritinn uppfyllir kröfur tilskipunar framkvæmdastjórnar ESB nr. 95/54/EB með tilliti til rafsegulviðssamhæfis.

**Notkun ökuritans**

**Yfirlit yfir búnaðinn**

**Ökuriti (ÖR)**

**Athafnir á vinnudegi**

**Umhirða búnaðar**

## Notkun ökuritans

### Venjulegur vinnudagur

Í venjulegum akstri verður ökumanskort að vera í ökuritanum. Þegar ökumanskortinu er stungið í tækið eru borin kennsl á ökumanninn og honum heimilað að aka bifreiðinni.

### Auðveld notkun ökuritans

Auðveldast er að nota ökuritann með þeim hætti að færa inn allar breytingar á athöfnum um leið og þær verða. Venjulegur vinnudagur kemur þá til með að líta svona út:

- ▶ Ökumanskortið er sett í tækið í byrjun vinnudags, áður en ekið er af stað.
- ▶ Ýtt er á hnappinn  (hætta við).
- ▶ Allar breytingar á athöfnum eru færðar inn um leið og þær verða.

▶ Ökumanskortið er aðeins tekið úr tækinu þegar:

- Vinnudegi lýkur.
- Skipt er um ökumann.
- Skipt er um bifreið.

(▶ Venjulegur vinnudagur, bls. 22)



Ökumanskortið er persónubundið og má aðeins réttmætur handhafi þess nota það.



Ökumenn eru ábyrgir fyrir því að fara eftir umferðarreglum.

### Orkusparnaðarhamur

Þegar svissað er af fer ökuritinn í orkusparnaðarham tíu sekúndum eftir að hann er notaður síðast.

Þegar ökuritinn er í orkusparnaðarham starfar hann ekki. Upplýsingar eru áfram sýndar á skjánum, en hann er ekki upplýstur.

Ökuritinn er settur aftur í gang með því að gera eitthvað af eftirfarandi:

- Ýtið á einhvern hnapp.
- Stingið ökumanskorti í.
- Ræsið bifreiðina.
- Takið bifreiðina í tog.

## Notkun ökuritans

### Ef gera þarf skráningar handvirkt

Ef ökumaður færir ekki inn breytingar á athöfnum um leið og þær verða, þarf að skrá þær handvirkt næst þegar ökumanskortinu er stungið í.

(▷ Ef gera þarf skráningar handvirkt, bls. 30)

### Tímabundinn akstur án ökumanskorts

!

Ökumönnum sem ekki hafa gild ökumanskort er óheimilt að aka bifreiðum sem búnar eru þessari gerð ökurita. Telst það vera brot á ESB-reglum.

Ef ökumanskortið týnist eða skemmist skal leita til viðkomandi yfirvalda í landinu þar sem kortið var gefið út og fara fram á:


- Bráðabirgðaleyfi til að aka án ökumanskorts.
- Nýtt kort.

(▷ Viðkomandi yfirvöld, bls. 90)

Ef ökumanskortinu er stolið þarf jafnframt að tilkynna þjófnaðinn til lögreglu á svæðinu þar sem þjófnaðurinn átti sér stað og fá númer lögregluskýrslu.

!

Ef aka þarf með löglegum hætti án ökumanskorts skal prenta út „Athafnir dags úr ökurita“ í byrjun og við lok hvers vinnudags (▷ Prentað út, bls. 51).



N54.61-2124-31

- 1 Dulkóðaður hraðaskynjari
- 2 Ökuriti (ÖR) með sambyggðum skjá og prentara

- 3 Skjár í mælaborði
- 4 Ökumannskort

## Yfirlit yfir búnaðinn

### Ökumannskort

Ökumannskortið auðkennir ökumanninn og geymir ýmis gögn undir nafni hans:

- Aksturstíma, athafnir og vegalengdir.
- Upplýsingar um ökuskírteini.
- Vissa atburði og bilanir.
- Skráningarnúmer annarra bifreiða sem handhafi kortsins ekur.
- Eftirlit sem framkvæmt er af yfirvöldum.

Nánari upplýsingar um gögn á ökumannskorti

(▷ Gögn á ökumannskorti, bls. 88).

Hægt er að birta gögnin á skjá ökuritans og prenta þau út.

#### !

Alla jafna er hægt að geyma gögn á ökumannskortinu í allt að 28 daga. Að þessum tíma liðnum er elstu gögnunum á kortinu eytt þegar ný gögn eru vistuð.

### Ökuriti (ÖR)

Ökuritinn (ÖR) skráir og geymir ýmis konar gögn:

- Gögn af ökumannskorti, að undanskildum upplýsingum um ökuskírteini.
- Atburði og bilanir sem varða ökuritann, ökumanninn, fyrirtækið og verkstæðið.
- Upplýsingar um bifreiðina, kílómetramæli og nákvæman hraða.
- Upplýsingar um hvort átt hafi verið við ökuritann.

Nánari upplýsingar um gögn í ökurita

(▷ Gögn sem vistuð eru í ökurita, bls. 89).

Hægt er að birta gögnin á skjá ökuritans og prenta þau út.

#### ⓘ

- Ef ekið er yfir leyfilegum hámarkshraða í meira en 1 mínútu er það skráð í ökuritanum.
- Allar upplýsingar eru vistaðar á UTC-tíma (Universal Time Coordinated). Staðartíminn, sem ökuritinn sýnir einnig, er aðeins til hlíðsjónar.


### Skjár í mælaborði

Á skjánum í mælaborðinu birtast eftirfarandi upplýsingar úr ökuritanum:

- Hraði
- Ekin vegalengd
- Tilkynningar, viðvaranir og bilanir

### Dulkóðaður hraðaskynjari

Dulkóðaði hraðamælirinn mælir hraðann við girkassann og sendir upplýsingarnar áfram til ökuritans. Ökuritinn greinir ef átt er við skynjarann eða merkið og skráir það.





## Ökuriti (ÖR)


	Notendaviðmót ökurita	Bls.
<b>1</b>	<b>Skjár</b>	
	Venjuleg skjámynd	16
	Aðalvalmynd	17
	Sýnir tilkynningar	62
	Sýnir viðvaranir	66
	Sýnir bilanir	67
<b>2</b>	<b>Pappírshólf</b>	
	Prentað út	51
	Skipt um pappírshólfu	79
<b>3</b>	<b>Rauf fyrir kort ökumanns 2</b>	
	Til að setja kort ökumanns 2 í/ taka það úr	22

	Notendaviðmót ökurita	Bls.
<b>4</b>	<b>Hnappur ökumanns 2</b>	
	Til að opna rauf fyrir kort ökumanns 2	23
	Til að breyta athöfnum fyr- ir ökumann 2	28
<b>5</b>	<b>Hnappur ökumanns 1</b>	
	Til að opna rauf fyrir kort ökumanns 1	23
	Til að breyta athöfnum fyr- ir ökumann 1	28
<b>6</b>	<b>Færsluhnappur</b>	
	Til að staðfesta færslur	-
	Til að staðfesta tilkynningar	66
	Til að staðfesta viðvaranir	66

	Notendaviðmót ökurita	Bls.
<b>7</b>	<b>Niður-hnappur</b>	
	Til að lækka gildi	-
	Til að velja	-
<b>8</b>	<b>Upp-hnappur</b>	
	Til að hækka gildi	-
	Til að velja	-
<b>9</b>	<b>Hætta-hnappur</b>	
	Til að hætta við ferli	-
	Til að fara aftur í fyrri skjámynd	-
<b>10</b>	<b>Rauf fyrir kort ökumanns 1</b>	
	Til að setja kort ökumanns 1 í/ taka það úr	23

### Venjuleg skjámynd ökurita


Ökuritinn skiptir yfir í venjulegu skjámyndina:

- Um leið og ekið er af stað.
- Þegar hnappinum  er haldið inni.
- Þegar flestum handvirkum færslum er lokið.

Þegar bifreiðin er á ferð er hægt að skipta af venjulegu skjámyndinni yfir í:

- Hraða
- UTC-tíma
- Aksturs- og hvíldartíma
- Samanlagðan aksturstíma

(▷ Skjámyndir þegar bifreiðin er á ferð, bls. 62).



- 1 Ökumaður 1
- 2 Athöfn ökumanns 1
- 3 Tímalengd athafnar ökumanns 1
- 4 Samanlagður hvíldartími ökumanns 1 á vinnudegi
- 5 Vinnslumáti ökurita
- 6 Staðartími
- 7 Tímalengd athafnar ökumanns 2
- 8 Athöfn ökumanns 2
- 9 Ökumaður 2

Aðalvalmynd

(▷ Aðalvalmynd ökurita, bls. 17).

Aðrar skjámyndir, tákni og samsetningar tákna

(▷ Tákni, bls. 63).






Tilkynningar, viðvaranir og tilkynningar um bilanir á skjánum

(▷ Tilkynningar, viðvaranir og bilanir, bls. 66).

## Ökuriti (ÖR)

**Aðalvalmynd ökurita**

Aðalvalmynd ökurita sýnd:

▶ Ýtið á hnappinn .▶ Ýtið á hnappinn  eða  til að fletta á milli atriða í aðalvalmyndinni.▶ Ýtið á hnappinn  til að opna tiltekið atriði í valmynd.

N54.61-2135-31

**1** Prentað út  
(▷ bls. 51).**2** Til að færa inn í hvaða landi vinnan hófst  
(▷ bls. 44).**3** Til að færa inn í hvaða landi vinnu lauk  
(▷ bls. 44).**4** Til að stilla á „Ferja/lest“ eða „Után svæðis“  
(▷ bls. 48).**5** Til að breyta stillingum ökurita  
(▷ bls. 57).

## Athafnir á vinnudegi

## Skilgreiningar á vinnudegi

Í ökuritanum er vinnudagur skilgreindur út frá þeim athöfnum sem ökumenn 1 og 2 framkvæma. Skráður er upphafs- og lokatími fyrir hverja athöfn. Sumar athafnir velur ökuritinn sjálfkrafa, aðrar þarf ökumaðurinn að færa inn handvirkt.

Tákn	Athöfn
✖	<b>Vinna</b> Athöfn þegar bifreiðin er ekki á ferð, t.a.m. lestun
ⓐ	<b>Akstur</b> Bifreiðinni ekið
ⓑ	<b>Hvíld</b> Fyrir hvíldartíma
ⓐ	<b>Til reiðu</b> Athöfn áður en lagt er af stað, t.d. við að fylla út pappíra

## Athafnir sem valdar eru sjálfkrafa

Ökuritinn velur sjálfkrafa athafnir fyrir hvern ökumann miðað við aðstæður hverju sinni.

Aðstæður í akstri	Öku- maður 1	Öku- maður 2
Tekið af stað/ekið	Akstur	Til reiðu
Stoppað/í kyrrstöðu	Vinna	Til reiðu



Fyrir ökumann 1 er athöfninni breytt sjálfkrafa:

- úr Akstur í Vinna ef bifreiðin hefur verið kyrrstæð í meira en tvær mínútur.
- úr Vinna í Akstur ef bifreiðinni hefur verið ekið á síðustu mínútu.

## Athafnir valdar handvirkt

Þegar bifreiðin er kyrrstæð verður að handskrá allar aðrar athafnir en „Vinna“ fyrir ökumann 1 og „Til reiðu“ fyrir ökumann 2. Hægt er að handskrá eftirfarandi athafnir:

- Hvíld
- Til reiðu
- Vinna

Til að breyta athöfnum meðan á vinnudegi stendur (▷ Breyting á athöfn meðan á vinnudegi stendur, bls. 28).

## Athafnir á vinnudegi

### Athafnir ekki skráðar

Þegar bifreiðinni er ekið við aðstæður þar sem ESB-reglur nr. 3820/85 um notkun ökurita eiga ekki við er ekki nauðsynlegt að skrá þessar athafnir. Við slíkar aðstæður er talað um að aka „Utan svæðis“.

Eftirfarandi flokkast til dæmis undir akstur utan svæðis:

- Þegar bifreiðin sem er ekið er aðeins lesuð að hluta og heildarþyngd hennar er undir þeim mörkum þar sem ökurita er krafist.
- Ekið í ríki sem er utan ESB.
- Þegar ekið er utan almenna vegakerfisins, til dæmis í gryfju eða utan vega.



Ökumenn eru ábyrgir fyrir því að fara eftir umferðarreglum í viðkomandi landi.

(▷ Ekið utan svæðis, bls. 49)

### Umhirða ökumanskorts

!

- Hvorki má sveigja kortið né beygja.
- Gætið þess að tengi kortsins séu hrein.
- Hreinsið með mjúkum, rökum klúti ef þarf.
- Gerið viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir að kortið glatist, því sé stolið eða verði fyrir annars konar tjóni.

### Umhirða ökurita

!

- Setjið enga hluti á kortabakkana þegar þeir eru opnir, annars geta þeir orðið fyrir skemmdum.
- Berist óhreinindi inn í ökuritann getur það valdið ótímabærum bilunum. Haldið raufunum alltaf lokuðum og opnið þær aðeins til að setja kortin í og taka þau úr.
- Ef ökuritinn er óhrein skal þrifa hann með mjúkum, rökum klúti.

**Venjulegur vinnudagur**

**Ef gera þarf skráningar handvirkt**

**Ferð með ferju eða lest**

**Ekið utan ESB**

**Akstur þar sem ekki er þörf á skráningu**

**Útprintun**

**Stillingar**

#### Auðveld notkun ökuritans

Auðveldast er að nota ökuritann með þeim hætti að færa inn allar breytingar á athöfnum um leið og þær verða. Venjulegur vinnudagur kemur þá til með að líta svona út:

- ▶ Ökumanskortið er sett í tækið í byrjun vinnudags, áður en ekið er af stað.  
(▷ Ökumanskort sett í, bls. 23)
- ▶ Ýtt er á hnappinn  (hætta við):  
(▷ Notandastilling 1: Nýr vinnudagur án fyrri athafna, bls. 28)
- ▶ Allar breytingar á athöfnum eru færðar inn um leið og þær verða:  
(▷ Athafnir á vinnudegi, bls. 18)
- ▶ Ökumanskortið er aðeins tekið úr tækinu þegar:
  - Vinnudegi lýkur.
  - Skipt er um ökumann.
  - Skipt er um bifreið.(▷ Ökumanskort tekið úr, bls. 29)

#### i

Ef ökumaður færir ekki inn breytingar á athöfnum um leið og þær verða, þarf að handskrá þær næst þegar ökumanskortinu er stungið í.

(▷ Ef gera þarf skráningar handvirkt, bls. 30).

#### Orkusparnaðarhamur

Þegar svissað er af fer ökuritinn í orkusparnaðarham tíu sekúndum eftir að hann er notaður síðast.

Þegar ökuritinn er í orkusparnaðarham starfar hann ekki. Upplýsingar eru áfram sýndar á skjánum, en hann er ekki upplýstur.

Ökuritinn er settur aftur í gang með því að gera eitthvað af eftirfarandi:

- Ýtið á einhvern hnapp.
- Stingið ökumanskorti í.
- Ræsið bifreiðina.
- Takið bifreiðina í tog.



## Venjulegur vinnudagur

### Ökumannskort sett í

Þegar um tvo ökumenn er að ræða setur sá sem fyrst keyrir ökumannskort sitt í kortarauf 1. Hinn ökumaðurinn setur kort sitt í rauf 2.

#### ❗

Þegar ökumenn hafa sætaskipti verður að víxla kortunum í raufunum.

Kortaraufarnar eru læstar þegar bifreiðin er á ferð. Aðeins er hægt að opna þær:


- þegar bifreiðin er kyrrstæð
- þegar svissað er á, ef um ADR -bifreið er að ræða (▷ Sérstakir eiginleikar ADR-ökuritans, bls. 86).

#### ❗

Hnappar **1** og **2** eru óvirkir:

- Á meðan ökuritinn er að vinna með ökumannskort.
- Ef straumurinn til ökuritans er rofinn. Ef ekki er hægt að setja strauminn aftur á þarf að láta opna kortaraufina á sérhæfðu verkstæði fyrir ökurita.

Lýsing á skjámyndum, táknum, skilaboðum og viðvörnum:  
(▷ Skjámyndir, bls. 62).



N54.61-2128-31

- ▶ Haldið hnappi **1** inni fyrir kortarauf ökumanns 1 eða hnappi **2** fyrir kortarauf ökumanns 2.
- ▶ Stingið ökumannskortinu í raufina þannig að flagan snúi upp.
- ▶ Lokið kortaraufinni með því að ýta varlega á hana.


Vinnur ökuritinn þá úr gögnunum á ökumannskortinu, en það getur tekið allt að mínútu.

(▷ Fyrstu skjámyndir og skráningar, bls. 24).


## Venjulegur vinnudagur

### Fyrstu skjámyndir og skráningar

Eftir að öikumanskort er sett í ökuritann vinnur hann úr gögnunum sem það hefur að geyma. Þetta getur tekið allt upp í mínútu.



Þegar öikumanskortið hefur verið samþykkt birtist nafn handhafa þess á skjánum.



Sýnt er í stutta stund hvenær kortið var síðast tekið úr ökuritanum.


Ef meira en sólarhringur er liðinn frá því að kortið var síðast tekið úr ökuritanum birtist viðvörðun

(▷ Viðvörðun um hvenær kort var síðast tekið úr ökuritanum, bls. 24).

Því næst er spurt hvort um framhald á vinnudegi sé að ræða:



### Viðvörðun um hvenær kort var síðast tekið úr ökuritanum



Þessi viðvörðun birtist ef meira en sólarhringur er liðinn frá því að kortið var síðast tekið úr ökuritanum.

- ▶ Staðfestið tilkynninguna.
- ▶ Ökuritinn lýkur síðasta vinnudegi sjálfkrafa og býr til nýjan vinnudag. Gera þarf skráningar handvirkt.  
(▷ Notandastilling 3: Nýr vinnudagur með fyrri athöfnum, bls. 33).

Nánari upplýsingar um viðvaranir:  
(▷ Tilkynningar, viðvaranir og bilanir, bls. 66).

## Venjulegur vinnudagur

### Þrjár notandastillingar fyrir vinnudag

---

Fyrst standa til boða þrjár leiðir til þess að halda áfram, með samsvarandi notandastillingum.

- Notandastilling 1:  
Ýtt er á hnappinn  (hætta við)
- Notandastilling 2:  
Valið er  (já):
- Notandastilling 3a, 3b eða 3c:  
Valið er  (nei).

### Notandastilling 1

Ýtt er á hnappinn  (hætta við):

- Hér er um að ræða nýjan vinnudag án fyrri athafna, hvorki eftir að ökumanskort var síðast tekið úr, né áður en það var sett í þetta skiptið.
- Ekki þarf að gera skráningar handvirkt.

(▷ Notandastilling 1: Nýr vinnudagur án fyrri athafna, bls. 28).

### Notandastilling 2

Valið er  (já):

- Núverandi vinnudegi er haldið áfram, en unnið hefur verið í einhvern tíma án þess að ökumanskort hafi verið í ökurítanum.
- Gera þarf skráningar handvirkt (▷ Yfirlit yfir handskráningar, bls. 30).

(▷ Notandastilling 2: Núverandi vinnudegi haldið áfram, bls. 32)

### Notandastilling 3a, 3b eða 3c

Valið er  (nei).

- Hér er um að ræða nýjan vinnudag með fyrri athöfnum:

3a. Byrjað var á þessum vinnudegi, eða

3b. Síðasta vinnudegi var lokið, eða


3c. Síðasta vinnudegi var lokið OG byrjað á þessum vinnudegi,

án þess að ökumanskort væri í tækinu.

- Gera þarf skráningar handvirkt (▷ Yfirlit yfir handskráningar, bls. 30).

(▷ Notandastilling 3: Nýr vinnudagur með fyrri athöfnum, bls. 33)

Venjulegur vinnudagur



N54.61-2133-31

## Venjulegur vinnudagur

### Notandastilling 1: Nýr vinnudagur án fyrri athafna

Hér er um að ræða nýjan vinnudag án fyrri athafna, hvorki eftir að ökumannskort var síðast tekið úr, né áður en það var sett í þetta skiptið. Ekki þarf að gera skráningar handvirkt.

- ▶ Ýtt er á hnappinn  (hætta við). Ökuritinn skráir tímang þegar kort var síðast tekið úr sem lok síðasta vinnudags og býr til nýjan vinnudag.
- ▶ Ökumaður færir inn í hvaða landi hann er staddur.

• **Velja land**  
**Iceland**

Nú starfar ökuritinn og venjulega skjámyndin er birt.

(▷ Venjuleg skjámynd ökurita, bls. 16).

### Breyting á athöfn meðan á vinnudegi stendur

Venjulega aðferðin við að skrá breytingu á athöfn meðan á vinnudegi stendur, til dæmis þegar gert er hlé á akstri og farið í hádegismat, er eftirfarandi:

- ▶ Bifreiðin er stöðvuð.
- ▶ Allt eftir því hver situr undir stýri er ýtt endurtekið á  eða  þar til viðkomandi athöfn er sýnd á skjánum.

Skilgreining á athöfnum  
(▷ Athafnir á vinnudegi, bls. 18)



Til þess að hægt sé að gera breytingar á athöfnum verður bifreiðin að vera kyrrstæð.

## Venjulegur vinnudagur

### Ökumannskort tekið úr




Ökumannskortin eru höfð í kortaraufum ökuritans allan vinnudaginn. Þau eru aðeins tekin úr ökuritanum í lok vinnudags og þegar nýr ökumaður sest undir stýri.

Ökumannskort er tekið úr með eftirfarandi hætti:

- ▶ Haldið hnappi **1** inni fyrir kortarauf ökumanns 1 eða hnappi **2** fyrir kortarauf ökumanns 2.
- ▶ Ökumaður færir inn í hvaða landi hann er staddur.  
(▷ Land fært inn, bls. 44).
- ▶ Ýtið á hnappinn **↩**.

Ökuritinn vistar gögnin á ökumannskortinu og opnar kortaraufina.



N54.61-2118-31

- ▶ Ýtið kortinu lítillega upp í gegnum opið neðan á bakkannum.
- ▶ Fjarlægið ökumannskortið.
- ▶ Lokið kortaraufinni með því að ýta varlega á hana.

Skila  
korti 1



### Ef gera þarf skráningar handvirkt

#### Yfirlit yfir handskráningar

Gera þarf skráningar handvirkt ef breytingar á athöfnum eru ekki skráðar um leið og þær eiga sér stað.

Skrá verður þessar athafnir handvirkt næst þegar öikumannskortið er sett í ökuritann.

#### ❗

Auðveldast er að nota ökuritann með þeim hætti að færa inn allar breytingar á athöfnum hvers öikumanns um leið og þær verða.

(▷ Venjulegur vinnudagur, bls. 22)

(▷ Notandastilling 1: Nýr vinnudagur án fyrri athafna, bls. 28)

#### Notandastilling 2

Núverandi vinnudegi er haldið áfram, en unnið hefur verið í einhvern tíma án þess að öikumannskort hafi verið í ökuritanum.

(▷ Notandastilling 2: Núverandi vinnudegi haldið áfram, bls. 32).

#### Notandastilling 3a, 3b eða 3c

Hér er um að ræða nýjan vinnudag með fyrri athöfnum:

- 3a. Byrjað var á þessum vinnudegi, eða
- 3b. Síðasta vinnudegi var lokið, eða
- 3c. Síðasta vinnudegi var lokið og byrjað á þessum vinnudegi

án þess að öikumannskort væri í tækinu.


(▷ Notandastilling 3: Nýr vinnudagur með fyrri athöfnum, bls. 33).

#### ❗

- Til þess að hægt sé að gera handskráningar verður bifreiðin að vera kyrrstæð.
- Hægt er að skrá allt að 16 athafnir.
- Handskráningu verður hætt og nýlegar skráningar vistaðar ef:
  - Ekkert er gert við ökuritann í 1 mínútu.
  - Ekið er af stað.
  - Kort er sett í eða tekið úr hinni kortarauфинni.
  - Hnappi  (hætta við) er haldið inni.



Ef gera þarf skráningar handvirkt



N54.61-2134-31

## Ef gera þarf skráningar handvirk

### Notandastilling 2: Núverandi vinnudegi haldið áfram

Núverandi vinnudegi er haldið áfram, en unnið hefur verið í einhvern tíma án þess að ökumanskort hafi verið í ökuritanum.



Hægt er að skrá allt að 16 athafnir.

- ▶ (▷) Fyrstu skjámyndir og skráningar, bls. 24)
- ▶ Halda núverandi vinnudegi áfram?  
Veljið ✓ (já) með hnappinum  eða  og ýtið á hnappinn .

15:23 08.07.2005	✓
15:23 08.07.2005	✗

- ▶ Skráið allar athafnir dagsins frá því ökumanskortið var síðast tekið úr og þar til það var sett í aftur.  
(▷ Skráning athafna og tíma, bls. 40)

16:15	01M
16:15	08.07.2005

- ▶ Farið aftur hingað úr „Athafnir skráðar handvirk“.
- ▶ Staðfestið skráninguna með því að velja ✗ (ekki breyta) með hnappinum  eða  og ýtið því næst á hnappinn .

Breyta	✓
skráningu?	✗

Eftirfarandi tilkynning birtist:

Aðgerðir	
sambýkktar	Σ

Nú starfar ökuritinn og venjulega skjámyndin er birt.

(▷ Venjuleg skjámynd ökurita, bls. 16).

## Ef gera þarf skráningar handvirkt

### Notandastilling 3: Nýr vinnudagur með fyrrri athöfnum

---

Hér er um að ræða nýjan vinnudag með fyrrri athöfnum. Eitthvað af eftirfarandi hefur verið gert:

- 3a.** Byrjað hefur verið á þessum vinnudegi án þess að ökumanskort væri í ökuritanum.  
(▷ 3a. Byrjað á þessum vinnudegi án korts í ökuritanum, bls. 34).
  
- 3b.** Síðasta vinnudegi hefur verið lokið án þess að ökumanskort væri í ökuritanum.  
(▷ 3b. Síðasta vinnudegi lokið án korts í ökuritanum, bls. 36).
  
- 3c.** Síðasta vinnudegi hefur verið lokið OG þessi vinnudagur hafinn án þess að ökumanskort væri í ökuritanum.  
(▷ 3c. Síðasta vinnudegi lokið OG þessi vinnudagur hafinn án korts í ökuritanum, bls. 38)

## Ef gera þarf skráningar handvirkt

### 3a. Byrjað á þessum vinnudegi án korts í ökuritanum

Hér er um að ræða nýjan vinnudag með fyrri athöfnum. Byrjað hefur verið á þessum vinnudegi án þess að ökumanskort væri í ökuritanum.



Hægt er að skrá allt að 16 athafnir.

- ▶ (▷ Fyrstu skjámyndir og skráningar, bls. 24)
- ▶ Halda núverandi vinnudegi áfram?  
Veljið ✘ (nei) með hnappinum  eða  og ýtið því næst á hnappinn .

▶? HÁfram dag?	✓
15:23 08. 07. 2005	✘

- ▶ Kort tekið úr á sama tíma og vinnu lauk síðast?  
Veljið ✓ (já) með hnappinum  eða  og ýtið á hnappinn .

▶? Síðast vinna?	✓
15:23 08. 07. 2005	✘

- ▶ Færið inn í hvaða landi síðasta vinnudegi lauk.

▶? Velja land	
Iceland	

- ▶ Skráið allar athafnir dagsins frá því að vinnudagurinn hófst og þar til ökumanskortið var sett í  
(▷ Skráning athafna og tíma, bls. 40)

1 h 0 +	01M
09:18	09. 07. 2005

- ▶ Farið aftur hingað úr „Athafnir skráðar handvirkt“.

- ▶ Þarf að breyta skráningunum?  
(▷ Handvirkum skráningum breytt, bls. 45)

- ▶ Staðfestið skráninguna með því að velja ✘ (ekki breyta) með hnappinum  eða  og ýtið því næst á hnappinn .

Breyta skráningu?	✓
	✘

Eftirfarandi tilkynning birtist:

Aðgerðir samþykktar	☒
---------------------	---

## Ef gera þarf skráningar handvirkt

- ▶ Farið inn í hvaða landi þessi vinnudagur hófst.

• Velja land

Iceland

Nú starfar ökuritinn og venjulega skjámyndin er birt.

(▷ Venjuleg skjámynd ökurita, bls. 16).

## Ef gera þarf skráningar handvirkt

### 3b. Síðasta vinnudegi lokið án korts í ökuritanum

Hér er um að ræða nýjan vinnudag með fyrri athöfnum. Síðasta vinnudegi hefur verið lokið án þess að ökumanskort væri í ökuritanum.

#### Athafnir skráðar í tveimur þrepum

Skráningunni er skipt niður í tvö þrep:

- Þrep 1 - Síðasti vinnudagur:  
Athafnir frá því ökumanskortið var tekið úr og til loka síðasta vinnudags.
- Þrep 2 - Þessi vinnudagur:  
Upphafstími núverandi vinnudags.



Hægt er að skrá allt að 16 athafnir.

#### Þrep 1 - Síðasti vinnudagur

- ▶ (▷) Fyrstu skjámyndir og skráningar, bls. 24)
- ▶ Halda núverandi vinnudegi áfram?  
Veljið ✘ (nei) með hnappinum   
eða  og ýtið því næst á hnappinn .

```
Þ? Máfram dag? ✓  
15:23 08.07.2005 ✘
```

- ▶ Kort tekið úr á sama tíma og vinnu lauk síðast?  
Veljið ✘ (nei) með hnappinum   
eða  og ýtið því næst á hnappinn .

```
Þ? Síðast vinna? ✓  
15:23 08.07.2005 ✘
```

- ▶ Skráið allar athafnir frá því ökumanskortið var tekið úr síðasta dag og til loka síðasta vinnudags.  
(▷ Skráning athafna og tíma, bls. 40).

```
1 H 0 + 01M  
16:15 08.07.2005
```

- ▶ Farið aftur hingað úr „Athafnir skráðar handvirkt“.
- ▶ Færið inn í hvaða landi síðasta vinnudegi lauk.

```
Þ * Velja land  
Iceland
```

## Ef gera þarf skráningar handvirkt

### Þrep 2 - Þessi vinnudagur

- ▶ Ökuritinn skráir lokatíma síðustu skráningar síðasta dags sjálfkrafa sem upphafstíma þessa vinnudags.

🕒 ▶ ?Upphafstími?

19:24

08.07.2005

- ▶ Breytið tímanum þannig að hann sé sá sami og þegar kortið var sett í.
- ▶ Ýtið fyrst á hnappinn  eða  og svo á hnappinn  til að stilla ártalið og mánuðinn, ef þess er þörf.
- ▶ Ýtið fyrst á hnappinn  eða  og svo á hnappinn  til að stilla dagsetninguna og tímann.
- ▶ Færið inn í hvaða landi þessi vinnudagur hófst.

🌐 ▶ Velja land

Iceland

- ▶ Þarf að breyta skráningunum?  
(▷ Handvirkum skráningum breytt, bls. 45)
- ▶ Staðfestið skráninguna með því að velja ✕ (ekki frekari breytingar) með hnappinum  eða  og ýtið því næst á hnappinn .

Breyta



skráningu?



Eftirfarandi tilkynning birtist:

Aðgerðir

sambýkktar



Nú starfar ökuritinn og venjulega skjámyndin er birt.

(▷ Venjuleg skjámynd ökurita, bls. 16).

## Ef gera þarf skráningar handvirkt

### 3c. Síðasta vinnudegi lokið OG þessi vinnudagur hafinn án korts í ökuritanum

Hér er um að ræða nýjan vinnudag með fyrri athöfnum. Bæði hefur síðasta vinnudegi verið lokið OG þessi vinnudagur verið hafinn án þess að ökumannskort væri í ökuritanum.

#### Athafnir skráðar í tveimur þrepum

Skráningunni er skipt niður í tvö þrep:

- Þrep 1 - Síðasti vinnudagur:  
Athafnir frá því ökumannskortið var tekið úr og til loka síðasta vinnudags.
- Þrep 2 - Þessi vinnudagur:  
Athafnir dagsins frá því að vinnudagurinn hófst og þar til ökumannskortið var sett í.



Hægt er að skrá allt að 16 athafnir.

#### Þrep 1 - Síðasti vinnudagur

- ▶ (▷) Fyrstu skjámyndir og skráningar, bls. 24)
- ▶ Halda núverandi vinnudegi áfram?  
Veljið ✘ (nei) með hnappinum  eða  og ýtið því næst á hnappinn .

```
Þ? Máfram dag? ✓  
15:23 08.07.2005 ✘
```

- ▶ Kort tekið úr á sama tíma og vinnu lauk síðast?  
Veljið ✘ (nei) með hnappinum  eða  og ýtið því næst á hnappinn .

```
Þ? Síðast vinna? ✓  
15:23 08.07.2005 ✘
```

- ▶ Skráið allar athafnir frá því ökumannskortið var tekið úr síðasta dag og til loka síðasta vinnudags.  
(▷ Skráning athafna og tíma, bls. 40).

```
1 H 0 + 01M  
16:15 08.07.2005
```

- ▶ Farið aftur hingað úr „Athafnir skráðar handvirkt“.
- ▶ Færið inn í hvaða landi síðasta vinnudegi lauk.

```
Þ * Velja land  
Iceland
```

Nýr vinnudagur er búinn til.



## Ef gera þarf skráningar handvirkt

## Þrep 2 - Þessi vinnudagur

- Ökuritinn skráir lokatíma síðustu skráningar síðasta dags sjálfkrafa sem upphafstíma þessa vinnudags.

• ▶ ?Upphafstími?

19:24

08. 07. 2005

- Breytið tímanum þannig að hann sé sá sami og upphafstími fyrstu athafnar dagsins.
- Ýtið fyrst á hnappinn  eða  og svo á hnappinn  til að stilla ártalið og mánuðinn, ef þess er þörf.
- Ýtið fyrst á hnappinn  eða  og svo á hnappinn  til að stilla dagsetninguna og tímann.
- Færið inn í hvaða landi þessi vinnudagur hófst.

• ▶ Velja land

Iceland

- Skráið allar athafnir frá því að vinnudagurinn hófst og þar til ökumanskortið var sett í.  
(▷ Skráning athafna og tíma, bls. 40)

1 h 0 +

01M

09:18

09. 07. 2005

- Farið aftur hingað úr „Athafnir skráðar handvirkt“.
- Þarf að breyta skráningunum?  
(▷ Handvirkum skráningum breytt, bls. 45)
- Staðfestið skráninguna með því að velja ✘ (ekki frekari breytingar) með hnappinum  eða  og ýtið því næst á hnappinn .

Breyta

✓

skráningu?

✘

Eftirfarandi tilkynning birtist:

Aðgerðir  
samþykktar

✘

Nú starfar ökuritinn og venjulega skjámyndin er birt.

(▷ Venjuleg skjámynd ökurita, bls. 16).

### Ef gera þarf skráningar handvirkt

#### Skráning athafna og tíma

Vinnudagur er skilgreindur út frá þeim athöfnum sem ökumenn 1 og 2 framkvæma.

Gera þarf skráningar handvirkt ef breytingar á athöfnum eru ekki skráðar um leið og þær eiga sér stað. Skrá verður þessar athafnir handvirkt næst þegar ökumanskortið er sett í ökuritann.

Fyrir hverja athöfn þarf að tilgreina:

- um hvaða athöfn er að ræða,
- hvenær athöfnin hófst,
- hvenær athöfninni lauk.



- Hægt er að skrá allt að 16 athafnir.
- Farið er aftur í fyrri skráningu með því að ýta á hnappinn .

#### Takmarkanir á tímaskráningu

Vissar takmarkanir eru á skráningu tíma fyrir vinnudag og athafnir hans:

Upphafsbil-/lokátími vinnudags:

- upphafstíminn getur ekki verið fyrr en síðast þegar ökumanskortið var tekið úr
- ekki er hægt að stilla lokatímamann síðar en síðast þegar ökumanskortið var sett í


Hægt er að skrá upphafs-/lokátíma athafna:

- í allt að sólarhring eftir að ökumanskortið var síðast tekið úr
- í allt að sólarhring áður en ökumanskortið var síðast sett í.

Tímalengd athafna má ekki skarast.

## Ef gera þarf skráningar handvirkt

## Gerð athafnar og upphafstími



N54.61-2122-31

- 1 Ökumaður
- 2 Gerð athafnar
- 3 Upphaf athafnar
- 4 Teljari fyrir handskráningar athafna
- 5 Dagsetning
- 6 UTC-tími þegar athöfn hófst

### i

Á meðan tímaskráningin fer fram er upphafstíminn á staðartíma (☉ ☚) sýndur í efri röðinni samhliða UTC-tímanum í neðri röðinni.

### i

Sjálvalinn upphafstími athafnar er sá sami og þegar ökumannskort var síðast tekið úr.


1 h ☉ +	01M
16:15	08. 07. 2005

- ▶ Teljarinn fyrir handskráningar athafna sýnir fyrst **01M**. Teljarinn fer svo upp í **02M, 03M** fyrir hverja athöfn sem skráð er handvirkt.
- ▶ Ýtt er á hnapp  eða  til að velja gerð athafnar.  
(▷ Athafnir á vinnudegi, bls. 18)
- ▶ Ýtið á hnappinn  .
- ▶ Ýtið fyrst á hnappinn  eða  og svo á hnappinn  til að stilla ártalið og mánuðinn, ef þess er þörf.
- ▶ Ýtið fyrst á hnappinn  eða  og svo á hnappinn  til að stilla dagsetninguna og tímann.

- ▶ Að tímaskráningunni lokinni breytist skjámyndin svo hægt sé að skrá lokatíma athafnarinnar.

(▷ Lokatími athafnar, bls. 42)

### Lokatími athafnar



- 1 Ökumaður
- 2 Gerð athafnar
- 3 Lok athafnar
- 4 Teljari fyrir handskráningar athafna
- 5 Dagsetning
- 6 UTC-tími þegar athöfn lauk



Á meðan tímaskráningin fer fram er lokatíminn á staðartíma (H 0) sýndur í efri röðinni samhliða UTC-tímanum í neðri röðinni.



Sjálfvalinn lokatími athafnarinnar er:

- Tíminn þegar kortið var sett í þennan daginn, ef lokatími athafnarinnar var á þessum vinnudegi.
- Tíminn þegar kortið var tekið úr síðasta dag, ef lokatími athafnarinnar var á síðasta vinnudegi.

1 H + 0 01M  
17:20 06. 07. 2005

- ▶ Ýtið fyrst á hnappinn  eða  og svo á hnappinn  til að stilla ártalið og mánuðinn, ef þess er þörf.
- ▶ Ýtið fyrst á hnappinn  eða  og svo á hnappinn  til að stilla dagsetninguna og tímann.

### Lokatími athafna síðasta dags

- ▶ Færið inn lokatíma fyrir þær athafnir síðasta dags sem skráðar voru handvirkt, þannig að lokatími síðustu athafnarinnar sé sá sami og þegar kortið var tekið úr.

M?SÍðast vinna?	✓
15:23 08. 07. 2005	✗

- ▶ Veljið ✗ (nei) þar til allar athafnir hafa verið færðar inn, veljið svo ✓ (já) með hnappinum  eða  og ýtið á hnappinn  .
- ▶ Færið aftur í viðeigandi notandastillingu, á „Færið aftur hingað úr...“:  
(▷ 3b. Síðasta vinnudegi lokið án korts í ökuritanum, bls. 36)  
(▷ 3c. Síðasta vinnudegi lokið OG þessi vinnudagur hafinn án korts í ökuritanum, bls. 38)

## Ef gera þarf skráningar handvirkt

### Lokatími athafna þessa dags

- ▶ Farið inn upphafstíma fyrir þær athafnir þessa vinnudags sem skráðar voru handvirkt, þar til:
  - allar athafnir hafa verið færðar inn og
  - lokatími síðustu athafnar er sá sami og þegar kortið var sett í.

⊗ ▶ ?Upphafstími?

07:24

09. 07. 2005

- ▶ Ýtið fyrst á hnappinn  eða  og svo á hnappinn  til að stilla mánuðinn, daginn og upphafstímann.
- ▶ Farið aftur í viðeigandi notendastillingu, á „Farið aftur hingað úr...“:

(▷ Notandastilling 2: Núverandi vinnudegi haldið áfram, bls. 32)

(▷ 3a. Byrjað á þessum vinnudegi án korts í ökuritanum, bls. 34)

(▷ 3c. Síðasta vinnudegi lokið OG þessi vinnudagur hafinn án korts í ökuritanum, bls. 38)

### Ef gera þarf skráningar handvirkt

#### Land fært inn

Færa verður inn hvar bifreiðinni er ekið meðan á vinnudegi stendur. Hægt er að gera það:

- Hvenær sem er á vinnudeginum, með atriðinu **Upphafsstæður** eða **Lokastæður** í aðalvalmynd.
- Þegar beðið er um það sjálfkrafa í hvert skipti sem ökumannskort er sett í eða tekið úr (▷ Fyrstu skjámyndir og skráningar, bls. 24).
- Meðan á handskráningu athafna stendur (▷ Yfirlit yfir handskráningar, bls. 30).




Til þess að hægt sé að gera handskráningu verður bifreiðin að vera kyrrstæð.

#### Hvenær sem er á vinnudegi

- ▶ Ýtið á hnappinn til að birta aðalvalmyndina og ýtið svo á eða til að velja **Upphafsstæður** eða **Lokastæður** í valmyndinni.



- ▶ Ýtið á hnappinn .
- ▶ Ýtið aftur á hnappinn .



Í viðauka þessarar handbókar er að finna lista yfir öll lönd sem í boði eru í ökuritanum.

(▷ Lönd í boði, bls. 97).

- ▶ Veljið landið með hnappinum eða og ýtið svo á .



Á Spáni þarf einnig að velja hérað.

(▷ Hérað á Spáni, bls. 98)

## Ef gera þarf skráningar handvirkt

### Handvirkum skráningum breytt

Hægt er að breyta handskráningum með eftirfarandi hætti:

- Breyta athöfnum
- Bæta við athöfnum
- Eyða athöfnum



Ekki er hægt að breyta handskráningum eftir að:

- Þær hafa verið staðfestar. (▷ Skráningar vistaðar, bls. 46).
- Farið hefur verið úr breytingaham (▷ Hægt er að fara úr ham handskráninga með ýmis konar hætti án þess að ljúka skráningunni, bls. 47).
- Ekið hefur verið af stað.

#### ► Breyta skráningu?

Veljið með hnappinum eða og ýtið því næst á hnappinn .

**Breyta**   
**skráningu?**

- Ýtið á hnappinn . Athafnateljarinn er auðkenndur.
- Ýtið á eða til að fletta í gegnum athafnirnar sem hafa verið skráðar.

### Athöfnum breytt


- Ýtið á til að velja athöfn.
- Athöfnum er breytt með sama hætti og þegar þær eru skráðar fyrst (▷ Skráning athafna og tíma, bls. 40).
- Ýtið á hnappinn til að fara í athafnateljarann.
- Ýtið á hnappinn til að fara aftur í **Breyta skráningu?**.

### Farið aftur á bak í núverandi skráningu




- Ýtið nokkrum sinnum á hnappinn .

## Ef gera þarf skráningar handvirkt

### Athöfnum bætt við


- ▶ Haldið  inni.

M Bæta við/	+
eyða skráningu	-


- ▶ Veljið + með hnappinum  eða  og ýtið svo á .







Nýja athöfnin verður sett inn fyrir framan völdu skráninguna.

- ▶ Skráið athöfnina  
(▷ Skráning athafna og tíma, bls. 40).
- ▶ Ýtið á hnappinn  til að fara aftur í Breyta skráningu?.



### Athöfnum eytt

- ▶ Haldið  inni.


M Bæta við/	+
eyða skráningu	-

- ▶ Veljið – með hnappinum  eða  og ýtið svo á .
- ▶ Ýtið á hnappinn  til að fara aftur í Breyta skráningu?  
(▷ Handvirkum skráningum breytt, bls. 45).

### Skráningar vistaðar

- ▶ Veljið  og ýtið svo á hnappinn .

Eftirfarandi tilkynning birtist:

Aðgerðir
sambýkktar 

Nú starfar ökuritinn og venjulega skjámyndin er birt

(▷ Venjuleg skjámynd ökurita, bls. 16).



## Ef gera þarf skráningar handvirkt

### Farið úr ham handskráninga

Hægt er að fara úr ham handskráninga með ýmis konar hætti án þess að ljúka skráningunni:

- Akið af stað.
- Setjið öikumanskort í eða takið það úr.
- Gerið ekkert við ökuritann í 1 mínútu.
- Samþykkið sjálfgefna tíma ökuritans, sem byggjast á því hvenær öikumanskortúð var tekið úr og sett í síðast.
- Farið úr breytingaham með því að halda hnappinum  inni.



Ef farið er úr breytingaham án þess að ljúka við skráningarnar eru handskráningarnar sem gerðar hafa verið vistaðar.

Ökuritinn starfar og venjulega skjámyndin er birt

(▷ Venjuleg skjámynd ökurita, bls. 16).

### Sjálfgefnir tímar samþykktir

- ▶ Ýtið á hnappinn  til að skipta á milli sjálfgefins upphafs- og lokatíma athafnarinnar.
- ▶ Vista skráningarnar sem hefur verið breytt? Veljið  og ýtið svo á hnappinn .

Breyta   
skráningu?

Eftirfarandi tilkynning birtist:

Aðgerðir  
samþykktar

Nú starfar ökuritinn og venjulega skjámyndin er birt

(▷ Venjuleg skjámynd ökurita, bls. 16).

### Farið úr breytingaham

- ▶ Haldið hnappinum  inni. Skráningarnar eru vistaðar og eftirfarandi tilkynning birtist:

Aðgerðir  
samþykktar

Nú starfar ökuritinn og venjulega skjámyndin er birt

(▷ Venjuleg skjámynd ökurita, bls. 16).

## Ferð með ferju eða lest

### Skráning áður en ferð hefst

Til þess að hægt sé að skrá athafnir meðan ferðast er með ferju eða lest verður að stilla á „ferja/lest“ handvirkt áður en ferðin hefst.



- Til þess að hægt sé að stilla á þennan ham verður bifreiðin að vera kyrrstæð.
- Þegar bifreiðin er um borð í ferju eða í lest hreyfist hún ekki sjálf og þar af leiðandi getur hraðaskynjarinn ekki skráð neinar aðgerðir.

### Stillt á haminn „ferja/lest“

▶ Aðalvalmyndin er birt með því að ýta á hnappinn .  
(▷ Aðalvalmynd ökurita, bls. 17)

▶ Ef valmyndin **OUT** er ekki þegar á skjánum skal velja hana með hnappinum eða .

```
OUT /  
UTAN svæðis 
```

▶ Ýtið á hnappinn .

▶ Veljið athöfnina með hnappinum eða .

```
Után svæðis  OUT
eða ferja 
```

▶ Ýtið á hnappinn .  
Stillt er á „ferja/lest“. Ekki er hægt að sjá það nema í venjulegu skjámyndinni.

▶ Ýtið á til að fara aftur í venjulegu skjámyndina. Táknid fyrir ferju/lest er á sama stað og athafnir eru annars.  
(▷ Venjuleg skjámynd ökurita, bls. 16)

### Stillt af haminum „ferja/lest“

Ekki er hægt að stilla af haminum „ferja/lest“ handvirkt. Hins vegar er hann tekinn af sjálfkrafa ef:

- Ekið er af stað.
- Stillt er á „Után svæðis“.

Þegar stillt er af haminum „ferja/lest“ hverfur táknid fyrir ferju/lest af venjulegu skjámyndinni.  
(▷ Venjuleg skjámynd ökurita, bls. 16).

## Akstur þar sem skráningar er ekki þörf

### Ekið utan svæðis

Þegar bifreiðinni er ekið við aðstæður þar sem ESB-reglur nr. 3820/85 um notkun ökurita eiga ekki við er ekki þörf á að skrá þessar athafnir. Við slíkar aðstæður er talað um að aka „Utan svæðis“.

Eftirfarandi flokkast til dæmis undir akstur utan svæðis:

- Þegar bifreiðin sem er ekið er aðeins lesuð að hluta og heildarþyngd hennar er undir þeim mörkum þar sem ökurita er krafist.
- Ekið í ríki sem er utan ESB.
- Þegar ekið er utan almenna vegakerfins, til dæmis í gryfju eða utan vega.




Ökumenn eru ábyrgir fyrir því að fara eftir umferðarreglum í viðkomandi landi.

### Stíllt á „Utan svæðis“

- ▶ Aðalvalmyndin er birt með því að ýta á hnappinn .  
(▷ Aðalvalmynd ökurita, bls. 17)
- ▶ Ef valmyndin **OUT** er ekki þegar á skjánum skal velja hana með hnappinum eða .



- ▶ Ýtið á hnappinn .
- ▶ Veljið athöfnina **OUT** með hnappinum eða .



- ▶ Ýtið á hnappinn .  
Stíllt er á „Utan svæðis“. Ekki er hægt að sjá það nema í venjulegu skjámyndinni.

- ▶ Ýtið á til að fara aftur í venjulegu skjámyndina. Táknið fyrir „Utan svæðis“ **OUT** er á sama stað og athafnir eru annars.  
(▷ Venjuleg skjámynd ökurita, bls. 16)




### Akstur þar sem skráningar er ekki þörf


#### Stíllt af „Utan svæðis“


Stíllt er af „Utan svæðis“ með eftirfarandi hætti:




- Sjálfkrafa:  
Setjið öikumannskort í eða takið það úr.
- Takið „Utan svæðis“ af handvirkt.


#### „Utan svæðis“ tekið af handvirkt



- ▶ Aðalvalmyndin er birt með því að ýta á hnappinn  .  
(▷ Aðalvalmynd ökurita, bls. 17)
- ▶ Ef valmyndin **OUT** er ekki þegar á skjánum skal velja hana með hnappinum  eða  .



- ▶ Ýtið á hnappinn  .

- ▶ Veljið  með hnappinum  eða  til að taka af „Utan svæðis“ (ferja/lest).



- ▶ Ýtið á hnappinn  .  
„Utan svæðis“ er tekið af.  
Ekki er hægt að sjá það nema í venjulegu skjámyndinni.
- ▶ Ýtið á  til að fara aftur í venjulegu skjámyndina. Táknið fyrir „Utan svæðis“ **OUT** er ekki lengur á sama stað og athafnir eru annars.

(▷ Venjuleg skjámynd ökurita, bls. 16)

## Útprintun

**Prentað út**

Hægt er að prenta gögn út af ökuritanum og ökumanskortinu með mismunandi hætti.



- Einnig er hægt að birta upplýsingarnar á skjánum.
- Til þess að hægt sé að prenta út verður bifreiðin að vera kyrrstæð.
- Hægt er að prenta út gögn síðustu 8 daga af ökumanskortinu sem er í ökuritanum.



Gætið þess að ekkert sé fyrir raufinni á pappírshólfinu, annars getur pappír stíflað prentarann.

- ▶ Ýtið á hnappinn .
- ▶ Ýtið á hnappinn eða þar til **Prenta valmynd** birtist á skjánum.

```
▼ / □ Prenta
valmynd
```

- ▶ Ýtið á hnappinn . Fyrsta atriði prentvalmyndar birtist á skjánum.

```
24h □ ▼ Prenta
24 tíma kort
```

- ▶ Ýtið á hnapp eða til að velja tegund útprintunar (▷ Breyting á athöfn meðan á vinnudegi stendur, bls. 28).



Undirvalmyndin **Viðbótar prentvalmynd** hefur að geyma aðrar þrjár tegundir útprintunar.

- ▶ Ýtið á hnappinn .

Allt eftir því hvaða tegund útprintunar er valin getur einnig þurft að velja ökumanskort og dagsetningu:

- ▶ Ýtið á hnappinn eða til að velja ökumanskortið í raufinni fyrir ökumann 1 eða 2.


```
Velja kort 1
1 eða 2 2
```


- ▶ Ýtið á hnappinn .
- ▶ Ýtið á hnappinn eða til að velja daginn fyrir viðkomandi dagsetningu.

```
Skrá dags.
```








## Útprintun


- ▶ Ýtið á hnappinn  .
- ▶ Veljið hvar birta á útprintunina.



### Gögn prentuð út







- ▶ Veljið  með hnappinum  eða  .
- ▶ Ýtið á  til að prenta gögnin út.



Hægt er að hætta við prentunina sem stendur yfir með því að ýta á hnappinn  .

- ▶ Um leið og tilkynningin **Prentun stendur yfir** hverfur af skjánum: Dragið útprintunina upp á við og rífið hana af.

### Gögn birt á skjánum

- ▶ Veljið  með hnappinum  eða  .
- ▶ Ýtið á  til að birta upplýsingarnar á skjánum.
- ▶ Ýtið á  eða  til að fletta í gegnum upplýsingarnar.

## Útprintun

Tegundir útprintunar

Tilkynning á skjá		Tegund útprintunar	Lýsing
24h  ▼ Prenta 24 tíma kort	 	Athafnir dags á ökumannskorti	Listi yfir allar athafnir sem vistaðar eru á ökumannskorti fyrir valinn dag.
24h  ▲ ▼ Prenta 24 tíma öR	 	Athafnir dags á ökurita	Listi yfir allar athafnir sem vistaðar eru í ökuritanum fyrir valinn dag.
!X  ▼ Prenta atburðakort	 	Viðvaranir af ökumannskorti	Listi yfir alla atburði og bilanir sem vistaðar eru á ökumannskorti.
!X  ▲ ▼ Prenta atburð öR	 	Viðvaranir úr ökurita	Listi yfir alla atburði og bilanir sem vistaðar eru í ökuritanum.
T  ▼ Prenta tækniuppl.	 	Tæknilegar upplýsingar	Listi yfir tæknilegar upplýsingar í ökurita.
>> ▼ Prenta hraðakstur	 	Upplýsingar um hraðakstur	Listi yfir öll tilvik þar sem ekið var yfir leyfilegum hámarkshraða.

Tilkynning á skjá		Tegund útprintunar	Lýsing
▼/□ Viðbótar prentvalmynd	☉ ⬇	Undirvalmynd fyrir prentun	Undirvalmynd fyrir þrjú atriði til viðbótar í prentvalmynd.
RPM ▼ Prenta sn. hr. hreyf.	☉ ⬇	Undirvalmynd fyrir prentun: Vélarhraði (sn./mín.)	Listi yfir vélarhraða í sn./mín.
D1/D2 ▼ Prenta stsðu D1/D2	☉ ⬇	Undirvalmynd fyrir prentun: Staða ökumanns 1/2	Listi yfir breytingar á stöðu ökumanns 1 og ökumanns 2.
Km/h ▼ Prenta ökutækishraða	☉ ⬇	Undirvalmynd fyrir prentun: Hraði bifreiðar (km/klst.)	Listi yfir hraða bifreiðarinnar í km/klst.



## Útprintun

## Yfirlit yfir útprintanir

▼ 20. 07. 2004 09:48 (UTC)	1
-----▼	
24h▼	2
-----	
□ Andersson	3
Richard	4
□S /ABCD6789012345 1 1	5
31. 12. 2037	6
-----	
A 1234567890ABCDEFG	
VIN	
S /123 A 23F	7
-----	
□ Stoneridge Electronics	8
SE5000 1 56789123	9
-----	
T Johansson and Sons	10
T□S /WSABC479328651 1 1	11
T 15. 01. 2004	12
-----	
19. 07. 2004 10	13
-----	
? 00:00 08:04 08h04	14

N54.61-2120-31

## Merking

- |    |   |
|----|---|
| 1  | Dagsetning og tími (UTC)  |
| 2  | Tegund útprintunar  |
| 3  | Eftirnafn handhafa korts  |
